



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 4. Fundur, 14. ágúst 2007

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt þriðja fund sinn mánudaginn 14. ágúst 2007 kl. 14:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Til fundarins voru mættir Magnús Ingvarsson frá Stoð ehf. Verkfræðistofu og Stefán Árnason, byggingarfulltrúi auk nefndarmanna. Formaður hópsins Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð.

Eyjólfur Þórarinsson kynnti það starf sem unnið hefur verið í framhaldi af ákvörðun síðasta fundar. Frumdrög sem nægja til kostnaðarútreikninga að tvenns konar mannvirkjum hafa verið teiknuð.

Magnús Ingvarsson kynnti fyrirleggjandi drög. Annars vegar (tillaga A) er um að ræða innilaug, 16,67 x 10,5 m. Dýpri endi laugarinnar er 1,6 m. á dýpt. Gert er ráð fyrir að byggja anddyri framan við núverandi anddyri íþróttahúss þar sem aðstaða fyrir miðasölu og afdrep fyrir gesti yrði. Í bogadregnu framhaldi af því kæmu útiklefar til búningsaðstöðu. Teikningin gerir ráð fyrir veglegu útisvæði með saunaklefa, stórri rennibraut, tveimur heitum pottum og vaðlaug.

Hins vegar (tillaga B) er um að ræða útilaug, 25 x 8m. Byggð yrði tengibygging milli íþróttahúss og laugar með þeim hætti að unnt væri að fara ofan í laugina innandyr. Tilhögun útisvæðis, anddyris og útiklefa yrði með svipuðum hætti og í hinni tillögunni.

Rætt var um möguleika þess að byggja einhvers konar skyggni með norðurhlið útisundlaugarinnar. Enn fremur um fjölmörg atriði er varða fyrrgreindar hugmyndir. Samþykkt var að fá kostnaðarútreikninga á tillögurnar, sem og skyggni líkt og að framan er nefnt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:40

Eyjólfur Þórarinsson  
Héðinn Sigurðsson  
Ágúst Þór Bragason  
Guðmundur Haraldsson  
Magnús Ingvarsson, Stoð  
Stefán Árnason, byggingarfulltrúi

Einar Kolbeinsson